



## Heimasíða Kópavogsskóla - könnun

Í byrjun október sendu skólastjórnendur foreldrum rafrænan spurningalista um heimasíðu skólans, nýtingu og uppsetningu. Tilgangur könnunarinnar var að skoða hvort foreldrar nýttu síðuna og hvað helst mætti bæta. Könnunin var send á alla foreldra (skráða í Mentor) og svöruðu 115 þeirra eða um 22% sem er heldur dræm svörun. Svörin sem við fengum voru frekar jákvæð og kom í ljós að 93% svarenda töldu síðuna nokkuð aðgengilega eða mjög aðgengilega. Við fengum margar góðar ábendingar sem nýtast okkur vel við þróun heimasíðunnar.

Ábendingarnar snerust um ýmislegt en þó einkum um að stundum væri erfitt að finna upplýsingar. Við erum því þessa dagana að vinna að því að gera upplýsingarnar aðgengilegri með því að bæta veftréð. Einnig voru nokkrir sem vildu sjá myndir af starfsfólki og við munum bregðast við því. Við höfum nú þegar bætt RSS fréttaveitu inn á síðuna en við fengum nokkrar ábendingar þess efnis. RSS fréttaveita gerir notendum kleift að fá upplýsingar um nýjar fréttir í vafrann sinn (sjá RSS táknið í vallínunni efst í vafranum). Fleiri athugasemdir komu fram og munum við reyna að bregðast við þeim eftir því sem hægt er. Við viljum þakka foreldrum sem tóku þátt í könnuninni fyrir því það er okkur mikils virði að fá fram ykkar skoðanir og sjónarmið varðandi skólastarfið því skólinn snýst um börnin ykkar og þjónustu við þau.

## Sólin á skólalóðina

Á leiksvæði nemenda verður, í vetrarleyfinu, máluð stór sól. Tilgangurinn með henni er að reyna að finna þau börn sem eru leið eða einmana og geta ekki hjálpað sér sjálf úr þeim aðstæðum. Ef barn upplifir slíka líðan getur það farið „á“ sólina sem er þá merki um slíkt. Um leið munu skólaliðar eða nemendur bregðast við og koma til barnsins, ræða við það og aðstoða við að komast í leiki. Umsjónarkennarar ræða við nemendur sína um markmiðið og þá aðstoð sem þeir geta veitt nemendum sem eru leiðir. Eineltisáætlun skólans er nú í endurskoðun og sólin er einn liður í að finna þau börn sem eru einmana í frímínútum. Sólin verður staðsett nálægt hringtorginu við Digranesveg en þar er auðvelt fyrir starfsfólkið að fylgjast með úr fjarlægð og koma til aðstoðar. Við hvetjum foreldra til að ræða við börn sín um líðan í skólanum og koma upplýsingum til okkar um það sem betur má fara.

## Ábending

Í svörum við könnun um heimasíðu Kópavogsskóla komu ábendingar frá nokkrum foreldrum um að upplýsingar vegna félagsmiðstöðvar og Skólamatara vantaði á síðuna. Í báðum tilfellum eru á síðu skólans tákn tenglar sem vísa á heimasíður viðkomandi aðila. Þar er allar upplýsingar að finna. Aðeins þarf að smella á viðkomandi tákn sem eru sýnd hér fyrir neðan.



## Foreldradagur

Miðvikudaginn 10. nóvember verður foreldradagur þar sem farið verður yfir námsmat haustannarinnar. Ekki eru eiginlegir prófadagar á haustönn en öll vinna nemenda er lögð til grundvallar einkunn/umsögn ásamt þeim tímaprófum sem kennarar hafa lagt fyrir á önninni. Foreldrar eru beðnir að líta á heimanám nemenda og leggja áherslu á að þeir skili öllum verkefnum til kennara á tilsettum tíma. Einnig er mikilvægt að fylgjast með áætlunum í Mentor. Námsmat í hverri grein er skilgreint í námskrá skólans undir viðkomandi bekkjarheiti (sjá <http://www.kopavogsskoli.is/nemendur/>). Ef spurningar vakna um námsmatið er best að ræða við viðkomandi kennara og fá þar upplýsingar.

## Uppeldi til ábyrgðar

Á heimasíðu skólans er nú kominn valhnappurinn Uppeldi til ábyrgðar. Þar er búið að setja inn ýmsar upplýsingar um uppeldisaðferðina og foreldrar eru beðnir að kynna sér það sem þar er. Við munum setja inn meira efni samhliða innleiðingunni hjá okkur, bæði lesefni og ýmis ráð og upplýsingar sem koma að gagni. Félagið Uppeldi til ábyrgðar er með síðu á Facebook og um að gera að kíkja á umræðuna þar (<http://www.facebook.com/pages/Uppbygging-sjalfsaga-uppeldi-til-abyrgdar/323724636704>).

## Vetrarleyfi

Mánudaginn 25. og þriðjudaginn 26. október verður vetrarleyfi í grunnskólum Kópavogs. Engin starfsemi verður í skólanum þá daga og hann lokaður. Við óskum þess að þið eigið ánægjulega frídaga og að allir skili sér aftur hressir og kátir í skólann miðvikudaginn 27. október.

## Sáttaborð

Fyrir framan skrifstofu ritara hefur nú verið komið sáttaborði. Borðið er hugsað sem vettvangur þar sem nemendur geta komið með kennara eða án og rætt ágreining sem upp hefur komið. Borðið er tæki úr verkfærakistu Uppeldis til ábyrgðar. Markmiðið er að nemendur geti rætt ágreiningsefni sem upp koma og fundið lausn sem báðir geta sæst á. Á borðinu eru leiðbeiningar til nemenda varðandi lausn ágreiningsmála og má segja að þessar ábendingar geti einnig átt við ágreining fullorðinna.

1. Enginn er fullkominn
2. Allir segja frá
3. Segjum sannleikann
4. Hlustum án þess að grípa fram í
5. Forðumst ásakanir, afsakanir, skammir, væl og uppgjöf
6. Komum með hugmyndir að lausnum
7. Veljum bestu lausnina

